

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Suðurlandsvegur
850Hella

Reykjavík, 8. mars 2021
UST202003-398/S.M.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21. janúar sl. þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir tímasettri áætlun um þær úrbætur sem rekstraraðili hyggst ráðast í vegna frávika er fram komu í eftirliti 18. nóvember 2020. Þann 4. febrúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum má einungis urða óvirkan úrgang, og tímabundið lífrænan úrgang án botnþéttinga, sbr. gr. 3.7. Við eftirlit var staðfest að þar hafa verið urðuð á árinu 1230 tonn af grófum úrgangi sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður fyrir febrúarlök 2021 lokið við að setja innmötunarspjöld í alla plast- og sorpgáma á grenndarstöðvum. Nú þegar eru komin innmötunarspjöld í pappagámanna og hefur það reynst vel. Viðræður eru í jafnframt í gangi við móttökuaðila sorps á höfuðborgarsvæðinu vegna móttöku á harðplasti og öðrum grófum úrgangi. Niðurstaða þeirra er áætluð um miðjan febrúar en rekstraraðili tekur þó fram að erfitt sé að finna förgunarleiðir fyrir úrgang af Suðurlandi þessa dagana.**
2. 8. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi. Verði um tímabundna geymslu úr sér genginna ökutækja, eða annars olíusmitaðs úrgangs, að ræða skal hann geymdur á malbikuðu/steypu yfirborði tengdu olíuskilju. Við eftirlit var mikið um úr sér gengin ökutæki á urðunarstaðnum og fæst þeirra á þar til gerðu steypu plani þó þar væri pláss fyrir slíkt. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið ráðist í úrbætur á þessu fráviki og hafa öll ökutæki verið færð á þar til gert plan, fyrir utan þau sem nota á sem farg á brotajárns-gáma í hvert skipti. Þá er stefnt að því að gera íbúum skylt að hafa samband við verkstjóra á Strönd áður en komið er með ökutæki. Með þeim hætti getur verkstjóri stýrt innflæði ónýtra ökutækja á svæðið.**
3. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Tímabundin heimild er í gildi vegna urðunar lífræns úrgangs án botnþéttinga. Heimilt er að urða 1000 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 200 tonn árið 2021. Á tímabilinu janúar-október 2020 hafa verið urðuð 1292 tonn af lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum sem er töluvert umfram heimild. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur Sorpstöðin átt fundi með forsvarsmönnum stærstu matvælafyrirtækjanna á svæðinu, en frá þeim kemur um 90% af öllu sem berst í þessum úrgangsflokki. Rætt var um lausnir til að draga úr urðun þessa úrgangsflokks og áætlað magn sem farga**

þarf 2021. Vinna sé nú þegar hafin hjá fyrirtækjunum varðandi breytingar á vinnsluaðferðum og möguleika á endurnýtingu fiðurs. Þrátt fyrir það telur Sorpstöðin ljóst að sú tímabundna heimild sem veitt var árið 2020 fyrir urðun lífræns úrgangs dugar ekki til og nauðsynlegt að óska eftir rýmkaðri heimild þar til brennsla sé tilbúin sem yrði mögulega á fyrri hluta árs 2022. Umsókn um breytingu á starfsleyfi er í vinnslu og mun að öllum líkindum berast Umhverfisstofnun í lok febrúar 2021.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands